

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Bókavörður

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða bókavörð í 100% starf á bókasafn skólans. Um er að ræða tímabundið starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starf bókavörðar felur í sér afgreiðslu við nemendur og starfsfólk skólans, innheimtu gagna, viðgerðir og þríf á bókum og öðrum gögnum safnsins.

Hæfnikröfur:

- Stúdentspróf.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta.
- Almenn tölvukunnátta.

Við bjóðum:

- Góða vinnuástöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sivertsen starfsmanna- og þróunarstjóri gunninga@verslo.is eða í síma 5 900 600. Umsóknarfrestur er til 2. apríl og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið verslo@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 930 nemendur. Á bókasafni skólans starfa tveir bókasafns- og upplýsingafræðingar. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlutið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafli almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottoró áður en ráðið er í starfið.

Smellpassar þú í hópinn?

BM Vallá leitar að öflugum starfsmanni í hönnunarteymi í húseiningadeild fyrirtækisins, Smellinn.

Starfssvið

- Verkefnastjórnun einingaverkefna og samskipti við viðskiptavinum og hönnuði þeirra
- Vinna við hönnun forstepþra eininga og gerð verkefninga fyrir framleiðsludeild
- Þátttaka í gerð burðarvirkisteikninga
- Önnur tilfallandi verkefni í tækni- og hönnunardeild

Hæfniskröfur

- Menntun í byggingafræði, iðnfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun/reynsla
- Kunnátta og reynsla af tölvuteikningu í AutoCAD og Revit nauðsynleg
- Önnur almenn tölvukunnátta
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknir sendist fyrir 8. apríl 2019 á netfangið radning@bmvalla.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bergþór yfirmaður hönnunardeildar í síma 412 5410 eða 617 5410. Starfsstöð er að Breiðhögða 3, 110 Reykjavík.

BM Vallá er rótgróið og leiðandi fyrirtæki í byggingariðnaði. Hjá okkur starfar öflugur hópur starfsfólks við fjölbreytta framleiðslu og þjónustu. Við bjóðum upp á fyrsta flokks starfsaðstöðu með aðgang að mótuneyti. Fyrirtækið starfar eftir „núll“ slysastefnu þar sem öryggismál starfsmanna eru í forgangi og gæðakerfi okkar er rekið samkvæmt ISO 9001 staðlinum.

BM·VALLÁ
Smellinn

bmvalla.is



Mótaðu fram tíðina með okkur!

Tvær nýjar stöður fyrir drífandi deildarstjóra

Hjá virkjunum ON starfar frábært fagfólk við orkuframleiðslu þar sem lögð er áhersla á fullnýtingu auðlindastrauma í sátt við umhverfið. Okkur vantar tvo leiðtoga til að leiða og móta tvær nýjar deildir í starfseminni. Við leitum að drífandi einstaklingum sem búa yfir frumkvæði, umhyggju og umbótahugsun. Sem deildarstjóri hjá ON styður þú starfsfólk til ábyrgðar og skapar vinnustað þar sem hæfileikar og hugmyndir eru nýttar til fulls.

Deildarstjóri áætlaða og aðfanga

Áætlanir og aðföng er deild sem starfar þvert á aðrar deildir virkjana, skipuleggur og samhæfir öll verkefni í nánu samstarfi við þær. Deildin ber ábyrgð á bestun og rekstri aðfangakeðju virkjana og er lykilþáttur í skilvirkum rekstri.

Ef þú hugsar í lausnum og þrífst á því að bæta flæði og ferla, drífur fólk með þér og hefur ástríðu fyrir skipulagi, þá viljum við heyra frá þér.

Deildarstjóri vélbúnaðar og veitna

Vélbúnaður og veitur er ein af fjórum deildum sem bera ábyrgð á framþróun, rekstri og viðhaldi tæknilegra þátta virkjana. Teymi sérfræðinga starfar í deildinni að fjölbreyttum verkefnum tengdum borholum, lögnum og vélbúnaði.

Ef þú hefur áhuga á tækni, býrd yfir skipulagsfærni og góðri yfirsýn, ert lipur í mannlegum samskiptum og með ástríðu fyrir nýjum lausnum, þá viljum við heyra frá þér.

Umsóknnum skal skilað á ráðningavef ON, starf.on.is, þar sem nánari upplýsingar um störfin er að finna.

Öll kyn eru hvött til að sækja um störfin.
Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019



JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2021



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
FRAMTAK ÁRSINS 2016



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN 2017

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is



ORKA NÁTTÚRUNNAR

Hagstofa Íslands

leitar að metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki



Sérfræðingur í gagnasöfnun

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í gagnasöfnunardeild. Deildin hefur umsjón með gagnasöfnun og framkvæmir úrtaksrannsóknir á vegum Hagstofu Íslands.

Starfið felur í sér þróun aðferða og sérhæfð verkefni við undirbúning, framkvæmd og frumúrvinnslu gagna vegna úrtaksrannsókna sem og innsöfnun gagna frá fyrirtækjum og stofnunum. Jafnframt kallar starfið á teymisvinnu við hönnun, innleiðingu og spurninga-listagerð vegna nýrra gagnasafnana í samræmi við viðurkenndar aðferðir og verklagsreglur í hagskýrslugerð.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af aðferðafræði gagnasafnana og spurningalistagerð
- Góð þekking á tölfræðihugbúnaði (svo sem R, SPSS, STATA)
- Reynsla af vinnu í gagnagrunnum (svo sem SQL) er kostur
- Góð ritfærni á íslensku og ensku
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl. 2019

Vef- og viðmótshönnuður

Starfið felst í að leiða áframhaldandi framþróun á vef Hagstofunnar og sá sem því sinnir yrði helsti sérfræðingur Hagstofunnar á sviði vefmiðlunar, með tilliti til hönnunar og framsetningar efnis. Vinnan sjálf gengur út á hanna notendamiðaðar og fallegar stafrænar lausnir með notendaupplifun og gott flæði í fyrirrúmi og jafnframt að styðja við og vinna að framsetningu á gögnum Hagstofunnar.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, til dæmis á sviði vef- og viðmótshönnunar, margmiðlunar, fjölmiðlunar, fjölmiðlafræði eða viðeigandi listnáms
- Starfsreynsla af vef- og viðmótshönnun er nauðsynleg
- Þekking og/eða starfsreynsla á framendaforritun (HTML og CSS)
- Þekking á almennt viðurkenndum venjum í hugbúnaðarþróun
- Farsæl starfsreynsla af hönnun og myndvinnslu (myndræn gagnaframsetning)
- Farsæl reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Þekking á Javascript er kostur
- Þekking á hagnýtingu samfélagsmiðla er kostur
- Ritfærni er kostur
- Góð samskipta- og samstarfsfærni
- Frumkvæði og drifkraftur

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl. 2019

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknir skulu berast í pósti á: Starfsúmsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsúmsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is

Sérfræðingur í trygginga- og tölfræðigreiningu

Við leitum að öflugum einstaklingi í starf sérfræðings innan trygginga- og tölfræðigreiningar. Í boði er fjölbreytt starf í metnaðarfullu teymi.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðarþjónustu. Nýleg könnun leiðir í ljós að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

Sjóvá

Við leitum að einstaklingi með

- › háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. stærðfræði, verkfræði eða sambærilega menntun
- › starfsreynslu sem tengist úrvinnslu og framsetningu gagna
- › mjög góða færni í Excel og SQL og þekkingu á Python og R
- › mikla hæfni í að greina upplýsingar og setja fram með skipulögðum hætti
- › framúrskarandi samskiptahæfni og metnað til að ná árangri

Starfið felur meðal annars í sér

- › tölfræðivinnslu sem snýr að opinberum skýrsluskilum, gjaldskrá og verðlagningu
- › greiningu á afkomu helstu váttryggingartegunda
- › þátttöku í verkefnum tryggingastærðfræðings
- › upplýsingaöflun og framsetningu gagna til stjórnar og stjórnenda

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl nk. Sótt er um á www.sjova.is/starfsúmsoknir.

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Guðjónsdóttir, forstöðumaður trygginga- og tölfræðigreiningar, steinunn.gudjonsdottir@sjova.is.



Efst tryggingafélaga í Ánægjuvögin



Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja



Jafnlaunavottun velferðarráðuneytisins



SJÓVÁ

Ráðgjafi í Þjónustuver BHM

Bandalag háskólamanna (BHM) óskar eftir að ráða ráðgjafa til starfa í Þjónustuver BHM. Um er að ræða fjölbreytt starf sem reynir á samskiptahæfni og þjónustulund við úrlausn mála. Um er að ræða 100% framtíðarstarf.

Umsóknarfrestur

01. apríl

Helstu verkefni:

- Þjónusta og upplýsingagöf til félagsmanna.
- Móttaka og meðhöndlun gagna.
- Úrvinnsla umsókna.
- Umsjón og eftirlit með rafrænu umsóknarferli.
- Undirbúningur stjórnarfundna og gagnaöflun fyrir stjórnir STH og sjóðanna.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/13205

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Gott vald á íslensku máli.
- Góð tölvukunnátta.
- Reynsla af störfum félagasamtaka er kostur.
- Góð starfsreynsla af alhliða skrifstofustörfum.



BHM er heildarsamtök 26 aðildarfélaga á vinnumarkaði og gegna lykilhlutverki í hagsmunagæslu fyrir starfsstéttir háskólamenntaðra hér á landi. Félagsmenn BHM eru 14.000

Tilgangur Starfsþróunarseturs háskólamanna er að stuðla að framgangi háskólamenntaðra félagsmanna aðildarfélaga BHM sem aðild eiga að setrinu og framþróun stofnana með markvissri starfsþróun.

BHM er vinnustaður þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Framkvæmdastjóri

Stjórn LSR óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir sjóðinn. Áhersla er lögð á að framkvæmdastjóri hafi leiðtogaþæfni, reynslu af rekstri og þekkingu á íslenska lífeyrissjóðakerfinu.

Umsóknarfrestur

3. apríl

Ábyrgð og starfssvið:

- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Tryggir að unnið sé eftir stefnu og ákvörðunum stjórnar og samþykktum sjóðsins
- Samskipti við hagaðila
- Erlend samskipti

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/13204

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogaþæfileikar og lipurð í samskiptum
- Haldbær þekking á eignastýringu og lífeyrissjóðakerfinu
- Víðtæk reynsla af stjórnun, rekstri og stefnumótun
- Lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er elsti lífeyrissjóður landsins, en upphaf sjóðsins má rekja aftur til ársins 1919 þegar fyrsti eiginlegi lífeyrissjóðurinn varð til hér á landi. LSR fagnar því 100 ára afmæli á árinu 2019.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Brekkubæjarskóli auglýsir lausa stöðu aðstoðarskólustjóra

Brekkubæjarskóli er grunnskóli með um 450 nemendur í 1.- 10. bekk. Brekkubæjarskóli er skóli sem leggur áherslu á lífsleikni og er skólastefnan Góður og fróður til grundvallar í öllu skóla-starfinu. Kennsluhættir í Brekkubæjarskóla einkennast af fjölbreytni þar sem reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Hluti af því er innleiðing á þverfaglegri teymiskennslu í öllum árgöngum.



Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að stjórna og leiða faglegt starf í lýðræðislegu og metnaðarfullu skólaumhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Starfsmannastjórnun og samskipti við launabókhald
- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Akraneskaupstaðar.
- Að leiða vinnu við innra mat skólans.
- Að leiða faglega forystu.
- Að bera ábyrgð á skipulagi skólustarfs, t.d. stundaskrágerð í samstarfi við skólustjórn.
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólustjórn.
- Að vinna að öfluglu samstarfi innan skólasamfélagsins.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

Hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg og/eða reynsla af stjórnunarstörfum á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Þekking og reynsla af fjármálum æskileg.
- Þekking, leikni og hæfni í upplýsinga- og tæknimennt.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Óbilandi trú á réttindum barna og áhugi á að starfa með þeim og foreldrum þeirra.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2019.

Umsóknum fylgi starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Skólustjórafélags Íslands (SÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sótt er um rafrænt í gegnum íbúagátt Akraneskaupstaðar og er umsóknarfrestur til og með 28. apríl 2019.

Nánari upplýsingar veitir Arnbjörg Stefánsdóttir skólustjóri, arnbjorg.stefansdottir@brekkubaejarskoli.is, sími 4331300.



www.akranes.is



HEFUR ÞÚ FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTULUND OG VILT VINNA Í SKEMMTILEGU TEYMI?

Bifvélavirki í söluskoðanir

Bílabúð Benna óskar eftir vönum bifvélavirkja til starfa á þjónustuverkstæði fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingi með þægilegt viðmót, keppnissskap og hæfileika til að vinna í teymi. Um er að ræða 100% stöðu í framtíðarstarfi.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða viðamikil reynsla í viðgerðum
- Mjög góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Metnaður og vilji til að ná árangri

Starfssvið:

- Söluskoðanir
- Undirbúningur fyrir sölu
- Verðmat viðgerða
- Þátttaka í þjálfunarætlun
- Önnur verkefni tengd starfinu

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elías Jóhannesson, verkstæðisformaður, elias@benni.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Bifvélavirki

Bílabúð Benna óskar eftir vönum bifvélavirkja til starfa á þjónustuverkstæði fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingi með þægilegt viðmót, keppnissskap og hæfileika til að vinna í teymi. Um er að ræða 100% stöðu í framtíðarstarfi.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða viðamikil reynsla í viðgerðum
- Mjög góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Metnaður og vilji til að ná árangri

Starfssvið:

- Viðgerðir og viðhald á bílum frá Porsche, Opel og SsangYong
- Ábyrgðarviðgerðir á bílum í ábyrgð
- Verðmat viðgerða
- Þátttaka í þjálfunarætlun
- Önnur verkefni tengd starfinu

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elías Jóhannesson, verkstæðisformaður, elias@benni.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Þjónusturáðgjafi

Bílabúð Benna leitar að þjónusturáðgjafa sem vill vinna í frábæru teymi með leiðandi bílaframleiðendum. Umsækjandi þarf að koma vel fram, vera þjónustulipur, samviskusamur og geta sýnt frumkvæði í starfi. Um er að ræða 100% stöðu í framtíðarstarfi.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Útsjónarsemi og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

Starfssvið:

- Móttaka og aðstoð við viðskiptavini
- Ráðgjöf, tímabókanir og upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Undirbúningur og uppgjör þjónustuverka
- Gerð tilboða, reikninga og verkáætlana
- Ráðgjöf og sala varahluta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Úlfar Kristinsson, ulfar@porsche.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Mannauðsstefna fyrirtækisins lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður sem byggir á sterkri liðsheild, keppnissskapi, jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum af báðum kynjum.



Bílabúð Benna hefur í 44 ár verið þjónustufyrirtæki bílaáhugamansins. Fyrirtækið er umboðsaðili Porsche, Opel og SsangYong bifreiða. Auk þess að bjóða upp á gott úrval bæði nýrra og notaðra bifreiða sinnir Bílabúð Benna alhliða þjónustu fyrir þessi vörumerki.





MOSFELLSBÆR

Skólastjóri í Mosfellsbæ

Lágafellsskóli — Sterkur grunnur, ótal möguleikar



Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi og statar af fjölbreyttu skólaformi. Lágafellsskóli er samþættur leik- og grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnu. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem yngstu bekkir grunnskóla ásamt elstu árgöngum leikskóla eru staðsettir í útibúi skólans, Höfðabergi.

Mosfellsbær leitar eftir framsæknum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir áráðni og leiðtoga-færni til að leiða starfsemi skólans. Skólastjóri gegnir lykilhlutverki í að móta góðan skólabrag og samstarfsvettvang skóla og samfélags. Skólastjóri mótar framtíðarstefnu skólans í samræmi við aðalnámskrá, skólastefnu Mosfellsbæjar og hugmyndafræði skólans og ber ábyrgð á að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef mosfellsbæjar, www.mos.is

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi
- Menntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og menntunarfræða
- Þekking á áætlunargerð, fjármálastjórnun og stefnumótunarvinnu
- Reynsla á sviði stjórnunar og faglegrar forystu í menntastofnun
- Frumkvæði, leiðtoga-færni og góðir skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að miðla upplýsingum

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2019.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525 6700. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Laus störf í fjármáladeild

Fjármáladeild Mosfellsbæjar er stoðdeild sem sér um umsýslu fjármála bæjarins. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga, innheimtu fasteignagjalda auk annarra gjalda. Fjármáladeild hefur með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð, árs- hlutauppgjör og gerð ársreiknings. Í fjármáladeild starfa fimm starfsmenn; fjármálastjóri, verkefnastjóri, innheimtufulltrúi, aðalbókari og bókarari.

Aðalbókari

Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Mosfellsbæjar, stýrir bókhaldsvinnu sveitarfélagsins og gerð uppgjors.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Viðskiptafræðimenntun af fjármála- eða endurskoðunarsviði og/eða meistaraþróf í reikningsskilum
- Reynsla og þekking á færslu, skipulagningu og uppgjöri bókhalds.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í Excel
- Mjög góð þekking og reynsla af Dynamics NAV
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Reynsla og færni til að samþætta Dynamics NAV við önnur kerfi
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga ásamt lögum um virðisaukaskatt og reglum um undanþágur fyrir sveitarfélög er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur J. Lockton fjármálastjóri í síma 525 6700. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Innheimtufulltrúi

Innheimtufulltrúi ber ábyrgð á reikningagerð, innheimtu, álagningu fasteignagjalda auk móttöku rafrænna reikninga.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Stúdentspróf eða sambærilegt nám
- Önnur menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta, sérþekking og færni í Excel
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla af Dynamics NAV eða öðrum fjárhagskerfum
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Sækja skal um störfina á ráðningarvef mosfellsbæjar, www.mos.is





Er um við að leita að þér?

InnX skrifstofuhúsgögn ehf leitar að öflugum sölumanni í verslun okkar Bæjarlind 14-16, Kópavogi. Um er að ræða bæði sölu í verslun sem og að viðhalda tengslum við viðskiptavinum og öflun nýrra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn samskipti við viðskiptavinum
- Almenn sölumennska
- Taka þátt í stefnumótun sölustarfs

Kröfur um hæfni:

- Reynsla af sölumennsku.
- Frumkvæði og samskiptahæfni
- Þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta
- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Áhugi á fallettri hönnun

Gott tækifæri fyrir réttan aðila. Vinnutími 9-18 virka daga.

Umsókn með ferilskrá og umsóknarbréfi sendist á innx@innx.is fyrir 5. apríl.

InnX er framsækið fyrirtæki á skrifstofuhúsgagnamarkaði



Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.

SVFR er eitt öflugasta stangaveiðifélag landsins og hefur þann tilgang að útvega félagsmönnum sínum veiðileyfi. Í því skyni tekur félagið veiðivötn á leigu eða annast umboðssölu á veiðileyfum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík þar sem starfa samtals þrjú starfsmenn. Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess <https://www.svfr.is/um-felagid/>

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri í umboði stjórnar
- Hefur umsjón með fjármálum félagsins og mótar tillögur í þeim efnum í samráði við stjórn
- Gerir rekstrar-, greiðslu- og fjárfestingaáætlanir
- Ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri félagsins
- Sér um samningagerð í samstarfi við stjórn
- Undirbýr og situr stjórnarfundi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknir berast á svfr@svfr.is ásamt ferilskrá og kynningarbréfi.
Umsóknarfrestur er til 5. apríl.

Við óskum eftir aðstoðarverslunarstjóra á höfuðborgarsvæðinu

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrgja þjónustu.

Helstu verkefni

- Þjónusta við viðskiptavinum
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af verkstjórn
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma, jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar veitir: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



Starf laust til umsóknar Skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur

Tónlistarskóli Húsavíkur hefur verið starfræktur frá árinu 1961. Skólinn hefur aðsetur í Borgarhólsskóla og er samstarf skólanna tveggja umtalsvert. Frá árinu 1992 hefur verið í gangi samstarfsverkefni Tónlistarskólans við Borgarhólsskóla og leikskólann Grænuvelli sem hefur það að markmiði að bjóða öllum börnum á aldrinum 4-8 ára upp á markvissa tónlistarkennslu. Uppeldishlutverk Tónlistarskólans er því mikið. Stöðugildi við skólann eru 7,5 og nemendur um 230.

Starfslýsing

Fullt starf skólastjóra Tónlistarskóla Húsavíkur er laust til umsóknar. Kennsluhlutfall er samkvæmt kjarasamningi.

Leitað er að stjórnanda sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi og framsækið skólastarf í samvinnu við starfsfólk, foreldra og nemendur. Leitað er eftir stjórnanda sem hefur sterka sýn á faglega þróun innra starfs skólans. Jafnframt að styrkja stöðu skólans í nærumhverfinu með markvissu samstarfi við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í tónlistarskóla
- Forystuhæfileikar, mikil samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar
- Framhaldsmenntun (meistaránám) á sviði tónlistar, stjórnunar eða sambærilegra greina æskileg
- Kennslureynsla í tónlistarskóla

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2019.

Umsóknur skal skila á rafrænu formi til fræðslufulltrúa Norðurþings á netfangið jon@nordurthing.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík í síma 464 6100 eða með fyrirspurnum til skrifstofustjóra Norðurþings á netfangið byggah@nordurthing.is

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

Sjúkraliði í blóðsýnatöku



Sjúkraliði óskast til starfa í blóðsýnatöku, reynsla æskileg.

Umsóknir óskast sendar á johanna@setrid.is
fyrir 30. mars n.k.

Rannsóknasetrið í Mjódd
Þönglabakka 6 • 109 Reykjavík • Sími 535 7700



ÉG VINN MIKILVÆGASTA STARF Í HEIMI

Lausar stöður í
Langholtsskóla 2019-2020.

- Verkefnastjóri og kennari í sérdeild fyrir börn með einhverfu.
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi og miðstigi.
- Heimilisfræðikennari.
- Textilkennari.

Nánari upplýsingar á

<http://reykjavik.is/laus-storf>
og hjá Hreiðari Sigtryggsson í síma 5533188
og á hreidar.sigtryggsson@rvkskolar.is.

Langholtsskóli
Vísing, vellíðan, skapandi skólustarf

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu auglýsir laust starf talmeinafræðings.

Starf talmeinafræðings við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafells-sýslu á Hvolsvelli er laust til umsóknar. Um er að ræða 50 % starf sem ráðið verður í frá og með 1. ágúst nk.

Helstu verkefni:

- Greiningar á tal- og málvanda og mat á málþroska leik- og grunnskólabarna á starfs-svæði skólaþjónustunnar.
- Mál- og talþjálfun í kjölfar greininga.
- Ráðgjöf við foreldra og starfsfólk skólanna.
- Þverfaglegt samstarf við aðra sérfræðinga stofnunarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Fullgilt nám í talmeinafræðum frá viðurkenndum háskóla.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð hæfni og lipurð í samskiptum við börn og fullorðna.
- Jákvæðni, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Við Skólaþjónustuna starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi og samanstendur auk talmeinafræðings af kennsluráðgjafa, leikskóla-ráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl nk.

Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á skrifstofu Skólaþjónustunnar að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli. Umsóknnum skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf og ábendingar um meðmælendur.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Edda G. Antonsdóttir forstöðumaður Skólaþjónustu Rang.- og Vestur-Skaft. í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 487-8107 / 862-7522.



ÍSAFJARÐARBÆR

Laus störf á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins.

Í Ísafjarðarbæ búa um 3700 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

Ísafjarðarbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

Grunnskólinn á Ísafirði

- Umsjónarkennarar á öllum stigum 100%
- Myndmenntakennari 60-80%
- Sérkennari 50-80% (tímabundið)

Grunnskólinn á Suðureyri

- Grunnskólakennari 50-100%
- Íþróttakennari 40-50%

Grunnskóli Öfundarfjarðar

- Grunnskólakennari 65%

Grunnskólinn á Þingeyri

- Skólustjóri grunn- og leikskóla 100% (tímabundið til árs)

Leikskólinn Grænigarður Flateyri

- Deildarstjóri 80-100%
- Leikskólakennarar 80-100%

Heilsuleikskólinn Laufás Þingeyri

- Deildarstjóri 100%

Leikskólinn Sólborg Ísafirði

- Leikskólakennarar 100%

Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri

- Leikskólakennari 100%

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 10. apríl 2019. Frekari upplýsingar um störfina má nálgast á vef [Ísafjarðarbæjar \(www.isafjordur.is\)](http://www.isafjordur.is) undir „Laus störf“. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfina.

-Við þjónum með gleði til gagns-

samskip



> Ertu laginn við vélar og tæki?

Við leitum að úrræðagóðum einstaklingum í störf tækjamaða og kranastjóra á athafnasvæði okkar við Kjalarvog. Um er að ræða dag- og/eða vaktavinnu.

Tækjamaður

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla gáma við losun og lestun skipa
- Færsla á gámum innan svæðis
- Umsjón og eftirlit með tækjum

Hæfniskröfur:

- Réttindi K & I
- Reynsla af stjórnun tækja
- Áhugi á að starfa á tækjum

Kranastjóri

Helstu verkefni:

- Umsjón með hífingum við losun og lestun skipa
- Eftirlit búnaðar og skráning eftirlits
- Umsjón með fyrirbyggjandi viðhaldi

Hæfniskröfur:

- Kranaréttindi B skilyrði og reynsla af vinnu á krana kostur
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Íslenskukunnátta skilyrði

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst, umsóknarfrestur er til og með 7. apríl nk.

Sótt er um starfið á heimasíðu okkar www.samskip.is. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafa sterka öryggisvitund og hreina sakaskrá.

Nánari upplýsingar veitir Elmar Pálmi Lárusson, forstöðumaður gámaavallarsvæðis, elmar.palmi.larusson@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuástandi.



Staða skólastjóra við Rimaskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Rimaskóla. Rimaskóli er fjölmennasti grunnskólinn í Grafarvogi með rúmlega 500 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn var stofnaður árið 1993 og starfar undir kjörorðunum Regla – Metnaður – Sköpun. Við skólann starfa rúmlega 50 réttindakennarar auk 20 annarra starfsmanna; þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúa og skólaliða. Húsnæði Rimaskóla nýtist vel, bjartar og velútbúnaðar skólastofur, velútbúnaðar sérgreinastofur, stór fjölnota hátíðarsalur og stór íþróttasalur. Rimaskóli hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir verkefni sem þykja skara fram úr og vera til eftirbreytni. Skólinn er kunnur fyrir öflugt skákstarf og góðan árangur nemenda í upplestri, íþróttum og listum. Rimaskóli er „Heilsueflandi grunnskóli“ og vinnur í anda uppeldis til ábyrgðar. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag. Félagsmiðstöðin Sigyn, frístundaheimilið Tígrissbær og leikskólarnir Fífuborg, Laufskálar og Lyngheimar eru í miklu og góðu samstarfi við Rimaskóla.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 „Látum draumana rætast“.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnu-tilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlunargerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða fram-sækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2019. Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri sími 411-1111, netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is, og ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Húsvörður óskast í snyrtilegt húsfélag



Völundur húsfélag (Klapparstígur 1 til 7 og Skúlagata 10) óskar eftir að ráða húsvörð í hlutastarf (50-70%) eða fullt starf, þá að viðbættum þrifum. Í húsunum eru 122 íbúðir ásamt bílageymslum. Helstu verkefni eru rekstur, umhirða og þrif á sameign, umsjón með sorpgeymslum, umhirða á lóð, sameign og bílageymslu. Einnig minniháttar viðhald og endurbætur. Húsvörður hefur aðstöðu á skrifstofu húsfélagsins með salerni og kaffiaðstöðu.

Leitað er að jákvæðum og samskiptagóðum einstaklingi sem er íbúum vinsamlegur og úrræðagóður. Hann hefur einnig frumkvæði á því að halda umhverfinu og garðinum hreinum.

Umsókn berist til: **Völundur húsfélag, Klapparstíg 1, 101 Reykjavík**, eða á netfangið: husfelagkl5@gmail.com Umsóknarfrestur er til föstudagsins, 29. mars 2019.

Sérfræðingur í flugrekstrardeild



Samgöngustofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings í flugrekstrardeild farsviðs hjá Samgöngustofu.

Meðal helstu verkefna eru þróun verkferla, skipulag og þátttaka í framkvæmd úttekta og samstarf við eftirlitsmenn. Starfið felur í sér mikil samskipti við leyfishafa og einnig þátttöku í öðrum verkefnum deildarinnar. Starfshlutfall er 100%.



Umsóknarfrestur er til 8. apríl 2019

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á samgongustofa.is/storf

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á samgongustofa.is

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla tengd flugrekstri
- Þekking á gæða- og öryggisstjórnunarkerfum
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og mæltu máli er skilyrði
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska í starfi, skipulagshæfileikar og vinnuagi er áskilinn
- Þarf að geta unnið undir álagi

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Landhotel

Vertu með frá upphafi

Landhótel, sem er nýtt og glæsilegt 4 stjörnu hótél í Landsveit á Suðurlandi og opnar í maí, óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:

GESTAMÓTTAKA

Starfsfólk óskast í dag og næturvinnu í stórglæsilegri gestamóttöku hótelsins

ÞJÓNUSTA

Yfirþjónn
Þjónar og aðstoð á bar og matsal

ELDHÚS OG ÞRIF

Aðstoð í matsal og eldhús
Almenn þrif

WWW.LANDHOTEL.IS

Umsóknir skulu sendast á manager@landhotel.is

Kennarar Borgarholtsskóli

Stærðfræði: 100 % starf á haustönn 2019.

Skilyrði er að umsækjandi hafi háskólagráðu í stærðfræði eða öðrum raungreinum og gott væri að hann hefði menntun eða reynslu af forritun.

Íslenska: 100 % starf skólaárið 2019-2020.

Skilyrði er að umsækjandi hafi háskólagráðu í íslensku og gott væri að hann hefði menntun og/eða reynslu af sérkennslu, auk kennsluréttinda. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af kennslu íslensku sem annars máls og geti stutt við nemendur sem eru af erlendu bergi brotnir.

Bifvélavirkjun: 100 % starf frá og með haustönn 2019.

Umsækjandi þarf að hafa meistaraáttindi í bifvélavirkjun. Umsækjendur greini í umsókn frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem telja má að skipti máli.

Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla. Sakavottorð fylgi umsókn.

Upplýsingar um starf íslensku- og stærðfræðikennara veitir Kristján Ari Arason, sviðsstjóri bóknáms, krisara@bhs.is, s: 820-2930.

Upplýsingar um starf kennara í bifvélavirkjun veitir Marín Björk Jónasdóttir, sviðsstjóri iðn- og starfsnáms, marin@bhs.is, s:698-5795.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is fyrir 12. apríl 2019.

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: agi, virðing, væntingar.



Borgarholtsskóli

www.bhs.is

GAGNAGREINING

SÉRFRÆÐINGUR Á UPPLÝSINGASVIÐI

Tryggingastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í gagnagreiningu á hugbúnaðardeild Upplýsingasviðs. Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Leitað er að jákvæðum, lausnamiðuðum og skipulögðum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Upplýsingaöflun og framsetning tölfraeðilegra upplýsinga úr vöruhúsi gagna og upplýsingakerfum
- Uppbygging og þróun á vöruhúsi gagna í samvinnu við svið stofnunarinnar og ytri verktaka
- Gerð skýrsla og mælaborða með viðskiptagreindarhugbúnaði
- Þarfagreining og skjölun
- Þjálfun og stuðningur við starfsmenn til að nýta lausnir við gagnagreiningu.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019

Nánari upplýsingar um starfið og hvernig eigi að sækja um má finna á starfatorg.is.

Stofnunin flytur í nýtt húsnæði að Hlíðasmára í Kópavogi í þessum mánuði.

Nánari upplýsingar veita Þórólfur Rúnar Þórólfsson deildarstjóri hugbúnaðardeildar í síma 560 4400 og Hólmfríður Erla Finnsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 4400.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð þekking á gagnagreiningu, úrvinnslu og framsetningu tölulegra gagna
- Reynsla af vinnslu gagna og skýrslugerð í Business Object eða öðrum viðskiptagreindarhugbúnaði
- Reynsla af gerð vöruhúsa og þekking á gagnagrunnsforritun kostur
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Lipurð í samskiptum og góð þjónustulund

TR



Tryggingastofnun

Hlíðasmára 11 | 201 Kópavogur
Sími 560 4400 | tr@tr.is

Ertu leiðtogi sem mótar umhverfið?

Við leitum að framtíðarfólki í stjórnendateymi ON

Nú eru spennandi tímar í vændum hjá Orku náttúrunnar og við leitum að þremur leiðtogum í framkvæmdastjórn til að vera hluti af lausninni og móta framtíðina með okkur. Við viljum fá fólk með ólíkan bakgrunn, ýmist með reynslu af **sölumálum í samkeppnisumhverfi, þróun viðskiptataækifæra** eða **stórum fjárfestinga- og framkvæmdaverkefnum**.

Ef þetta kveikir á ON takkanum hjá þér viljum við heyra frá þér.

Öll kyn eru hvött til að sækja um störfin.
Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019.

Sótt er um á ráðningavef ON, on.is/framtidin þar sem finna má nánari upplýsingar.

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

SÉRFRÆÐINGUR Í REKSTRARÁHÆTTU

► Bankasvið Fjármálaeftirlitsins leitar að sérfræðingi í rekstraráhættu fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Hlutverk bankasviðs er að starfrækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fyrirtækjanna á grundvelli gagnaskila, mat á áhættu og áhættustýringu þeirra.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að mati og eftirliti með rekstraráhættu (e. operational risk) fjármálafyrirtækja ásamt tilheyrandi undiráhættuþáttum. Leitað er að faglega sterkum einstaklingi með góða greiningarhæfni og mikla færni í mannlegum samskiptum.

Starfssvið

- Mat og greining rekstraráhættu eftirlitsskyldra aðila
- Þróun aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins við mat á rekstraráhættu
- Yfirsýn með þróun rekstraráhættu á fjármálamarkaði
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila og aðra hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Hæfniskröfur

- Háskólagráða sem nýtist í starfi, sérstaklega á sviði viðskipta- eða verkfræði
- Þekking og reynsla af fjármálamarkaði
- Þekking og reynsla af mati á rekstraráhættu
- Rík greiningarhæfni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð færni í ritun og framsetningu texta á íslensku og ensku
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu sem og í miðlun upplýsinga

Umsjón með ráðningunni hafa Elmar Ásbjörnsson forstöðumaður á bankasviði (elmara@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.



Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 1973. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs á bóknaðsbrautum auk þess að vera miðstöð kennslu í hótél- og matvælagreinum og starfrækja ferðamála- og leiðsögunám í kvöldskóla. Starfsmenn skólans eru að jafnaði tæplega 100 og fjöldi nemenda í dagskóla eru um 900.

Starfssvið

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirreglur á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Skólameistari skal hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla, leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu, hæfileiki til nýsköpunar og að stýra breytingum.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er mikilvæg.
- Þekking af fjármálum og rekstri er nauðsynleg.

Umsóknir

Umsóknir með greinargerð umsækjenda um framtíðarsýn fyrir Menntaskólann í Kópavogi út frá faglegum og rekstrarlegum áherslum í skólastarfi með upplýsingum um núverandi starfsheiti umsækjenda ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið mrn@mrn.is, fyrir dagslok þriðjudaginn 30. apríl 2019.

Við ráðningar í störf hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti er tekið mið af jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Nöfn allra umsækjenda verða birt á vef ráðuneytisins að loknum umsóknarfresti og verða umsóknir þar sem óskað er nafnleyndar ekki teknar til greina. Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna María Urbancic rekstrarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins.
Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2019.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 9. mars 2019.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningar-
málaráðuneytið



Verkstjóri bifvéla verkstæðis óskast

Launafi ehf óskar eftir að ráða verkstjóra á Bifreiðaverkstæði Launafis ehf á Reyðarfirði.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf með góða vinnuaðstöðu. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Hæfniskröfur: Meistararéttindi eða Sveinspróf í bifvéla verkun Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum Skipulögð vinnubrögð Góð íslenskukunnátta

Gildi Launafis: **ÖRYGGI – ÁREIÐANLEIKI – VIRÐING** Austurland er góður kostur og býður uppá mikla fjölbreytni, kynntu þér það nánar á www.austurland.is

Frekari upplýsingar um starfið veitir Magnús Helgason framkvæmdastjóri í síma 840-7211

Vinsamlega sendið umsókn á starfsmannastjóra Launafis: ada@launafi.is eða fyllið út umsókn á www.launafi.is



Launafi ehf. – www.launafi.is – sími 414-9400



VEGHÖNNUN



Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi á hönnunardeild. Um er að ræða fullt starf, við hönnun umferðarmannvirkja.

Á hönnunardeild vinna um 18 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast umferðarmannvirkjum.

Við erum að leita eftir verk- eða tæknifræðingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni á sínu fagsviði frá frumstigum hönnunar til framkvæmda. Fjöldmörg verkefni eru framundan varðandi uppbyggingu vegakerfisins á Íslandi. Um er að ræða spennandi starf við hönnun vega í krefjandi umhverfi, um fjallvegi, firði og í þéttbýli.

Starfssvið

Vinna við hönnun vega, umsjón og þátttaka í þróun veghönnunarkerfa Vegagerðarinnar, verkefnastjórn hönnunar, umferðaröryggisræni auk þátttöku í rannsóknarverkefnum tengdum umferðarmannvirkjum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræðingur, M.Sc. eða byggingartæknifræðingur B.Sc
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforritar
- Þekking og reynsla í notkun Microstation og Inroads er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einhverju norðurlandamáli

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.

Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Valur Guðmundsson, forstöðumaður hönnunardeilda (gudmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is) í síma 522 1000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Er ekki kominn tími til að hægja á og njóta?

Djúpavogshreppur íðar af lífi og gleði án þess að tapa sér í hraðaáráttu nútímans. Hæglætið ræður ríkjum og lögð er áhersla á lífsgæði í leik og starfi.



Fjöldi tækifæra eru á svæðinu og meðal þeirra eru eftirfarandi störf:

Djúpavogsskóli auglýsir eftir menntuðum kennurum fyrir skólaárið 2019-2020 í eftirfarandi stöðum:

- Skólastjóri grunn- og tónskóla (umsóknarfrestur framlengdur til 20. apríl)
- Umsjónarkennari 1. bekkjar
- Umsjónarkennari 2.-3. bekkjar
- Umsjónarkennari 4.-5. bekkjar
- Umsjónarkennari 6. bekkjar
- Umsjónarkennari 7.-8. bekkjar
- Dönskukennari á mið- og unglingastigi
- Enskukennari á öllum aldursstigum
- Upplýsinga- og tæknimennt á öllum aldursstigum
- Textílmennt og heimilisfræði á öllum aldursstigum
- Íþróttir og sund á öllum aldursstigum

Auk þess vantar þroskaþjálfara við skólann og stuðningsfulltrúa til að vinna með fötluðum nemanda á miðstigi.

Umsóknir sendist á skolastjori@djuvipogur.is fyrir 1. apríl 2019

Skólastjóri, Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Leikskólinn Bjarkatún, Djúpavogi auglýsir eftir deildarstjóra inn á Krummadeild í 100% starf frá 20. ágúst 2019.

Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli þar sem eru 37 börn. Krummadeild er yngri barna deild með 1 – 2 ára gömlum börnum.

Hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Áhugasömum er bent á að skoða heimasíðu leikskólans www.bjarkatun.leikskolinn.is

Upplýsingar er hægt að nálgast hjá Guðrúnu S. Sigurðardóttur leikskólastjóra í síma 470-8720 eða í tölvupósti, bjarkatun@djuvipogur.is. Umsóknum ber að skila fyrir 1. maí 2019 í tölvupósti eða til leikskólastjóra Hammersmíni 15B. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Djúpavogshreppur auglýsir eftir umsóknum í stöðu framkvæmdastjóra Ungmennafélags Neista og íþróttþjálfara. Einnig er laus til umsóknar staða forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Zion á Djúpavogi. Ekki er um full störf að ræða en ýmsir möguleikar eru í boði og starfshlutfall sveigjanlegt. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri sveitarstjori@djuvipogur.is



Sérfræðingur við rannsóknir og þróun

Líftækniyrirtækið SagaNatura auglýsir eftir lyfjafræðingi, lífefnafræðingi eða einstaklingi með menntun á sambærilegu sviði sem hefur brennandi áhuga á nýsköpun til að starfa við rannsóknir og vöruþróun. Í boði er spennandi starf sem gerir miklar kröfur til viðkomandi.

Helstu verkefni

- Vinna í teymi sem stundar rannsóknir á virkum efnum úr jurtum og smápörungum
- Veita stuðning við undirbúning klínískar rannsóknar
- Taka þátt í þróun á nýjum vörum
- Taka þátt í að sækja um styrki til að fjármagna rannsóknir og þróun
- Önnur tilfallandi verkefni sem tengjast rannsókn- og þróunarstarfi félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Masterspróf (MS) eða Doktorspróf (PhD)
- Haldbær reynsla af rannsóknum og þróunarvinnu
- Góð enskukunnátta
- Lögð er rík áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Reynsla af verkefnastýringu
- Kostur er að hafa reynslu af klínískum rannsóknum
- Meðmæli, tilvísun í fyrri störf og ritrýnd skrif



Nánari upplýsingar veitir aðstoðarframkvæmdarstjóri Lilja Kjalarsdóttir PhD
Umsóknir berist á lilja@saganatura.com ásamt fylgigögnum

Sumarstörf hjá ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri auglýsir eftir öflugum og jákvæðu fólki til sumarstarfa á starfsstöðvum sínum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri á tímabilinu frá 1. júní – 31. ágúst 2019.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð.

Starfshlutfall er 100%. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2019 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi.

Nánari upplýsingar um störf veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri, í síma 442-1000 og í tölvupósti á [netfangið unnur.kristjansdottir@rsk.is](mailto:unnur.kristjansdottir@rsk.is).

Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Unnið er eftir gildunum: Fagmennska - Jákvæðni - Samvinna.

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

 rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Klettaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Klettaborg lausa til umsóknar.

Klettaborg er fjögurra deilda leikskóli við Dyrhamra í Grafarvogi í næsta nágrenni við Voginn. Leiðarljós leikskólans eru gleði, virðing og öryggi. Klettaborg er heilsueflandi leikskóli og áhersla lögð á hreyfingu og útiveru. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey um að læra í gegnum leikinn og með læsi í gegnum þjóðsögur, þulur og *Lubbi finnur málbein*. Markvisst er unnið að því að skapa frjótt málumhverfi þar sem áhersla er lögð á góð samskipti og að börnin njóti hlýju og umhyggju þannig að þeim líði vel í leikskólanum, læri og dafni. Börnin eru með ferilmöppur sem fylgir þeim alla leikskólagönguna og gott samstarf er á milli leikskólans og hverfis-skólans. Klettaborg var metin af Menntamálastofnun 2018 og á heimasíðu leikskólans, www.klettaborg.is, má nálgast upplýsingar um það og um starfið í leikskólanum.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Klettaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og um-bótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskóla-stigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.

Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Aðstoð á tannlæknastofu

Aðstoðarmannskja óskast í fullt starf á tannlæknastofuna Valhöll, Háaleitisbraut 1, Reykjavík. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Starfið felst m.a. í að aðstoða tannlækna við störf þeirra, símaörslu og afgreiðslu.

Á tannlæknastofunni Valhöll starfa 20 manns, tannlæknar, aðstoðarfólk og tannsmiðir.

Umsóknir berist á atvinna@frettabladid.is merkt „Tannlæknastofa-2303“



Stjornumalun
- fagmennska í fyrirrúmi

Málarar

Vegna fjölda verkefna sem framundan eru óskar Stjornumalun ehf eftir málurum í vinnu. Framtíðarstörf eru í boði.

ATH: Aðeins kemur til greina að ráða menn með reynslu í málaraiðn.

Umsóknir skulu berast á ivar@stjornumalun.is, einnig er hægt að hringja í 869-5302

www.stjornumalun.is



MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Vörumiðlun ehf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til starfa við langkeyrslu. Keyrt er út frá starfstöðvum okkar í Reykjavík annars vegar og hins vegar starfstöðinni á Sauðárkróki.

Óskum einnig eftir starfskrafti við lestun á starfsstöðvum okkar í Reykjavík

Störfin henta bæði körlum sem konum.

Nánari upplýsingar gefur Magnús í síma 896 8422 eða í tölvupósti magnus.svavarsson@vorumidlun.is

Laus staða hjá Fjársýslu ríkisins Starfsmaður á fjárreiðusviði

Hugsar þú í lausnum?

Dreymir þig um samstarf & teymisvinnu?

Stingur þú þér á bóla kaf í afstemmingar?

Ertu um borð í tæknihraðlestinni?

Fylgir þolinmæðin þér í hvert fótmál?

Leynist ráðgjafi innra með þér?

Gæti verið að greiðslustýring sé millinafnið þitt?

Eru samskipti sérsvið þitt?

Er nákvæmni þér í blóð borin?

Langar þig að koma í liðið okkar?

Um starfið

Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Hlutverk sviðsins er m.a. að sjá um greiðslustýringu fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og þær ríkisstofnanir sem þess óska. Þá annast sviðið móttöku á innheimtu frá innheimtuembættum ríkisins ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum fyrir ríkissjóð.

Helstu verkefni og ábyrgð

Útgreiðslur fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir
Uppgjör og afstemmingar
Útsending og innheimta krafna fyrir ríkissjóð og stofnanir
Vinnsla og skráning í lánakerfi
Samskipti við stofnanir ríkisins, lánastofnanir og lánadrottna
Önnur verkefni er tengjast greiðslustýringu fyrir ríkissjóð

Hæfniskröfur

Menntun sem nýtist í starfi
Reynsla af bókhaldi og afstemmingum
Góð kunnátta á Excel og helstu notendaforrit
Þekking á Orra, fjárhagskerfi ríkisins er kostur
Skipulagshæfni
Sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veitir:

Vilhjálmur Örn Sigurhjártarson forstöðumaður á fjárreiðusviði - sími 545-7500

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með **08.04.2019**

Sótt er rafrænt um störfina á www.starfatorg.is

Laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag starfsmanna stjórnarráðsins/Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins hafa gert.



Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Seltjarnarnesbær Laus störf

Grunnskóli Seltjarnarness

- starfsfólk óskast í eftirtalin störf frá hausti 2019:

- Námsráðgjöf, fullt starf
- Smíðakennsla, 80% staða
- Umsjónarkennari, fullt starf
- Textílmenn, fullt starf
- Skólaliða vantar til starfa strax

Frístundamiðstöð Seltjarnarness

- Proskapjálfi, 50-100% starf með börnum á aldrinum 6-9 ára frá 15. ágúst.

Nánari upplýsingar um starfið og skil umsóknar má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is - Störf í boði

Umsóknarfrestur er til 7. apríl næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarféлага.



Jafnlönnunartekni
PwC
2015



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:

Grunnskólar

Dönskukennari í Hörðuvallaskóla
Enskukennari í Hörðuvallaskóla
Kennarar í Kópavogsskóla
Náms- og starfsráðgjafi í Smáraskóla
Náttúrufræðikennari í Hörðuvallaskóla
Skólaritari í Kársnesskóla
Tónmenntakennari í Salaskóla
Umsjónarkennari í Álfhólsskóla
Umsjónarkennari í Kársnesskóla
Umsjónarkennari í Smáraskóla

Leikskólar

Aðstoðarmatráður í Fögrubrekku
Leikskólakennari í Baug
Leikskólakennari í Efstahjalla
Leikskólakennari í Fögrubrekku
Leikskólakennari í Læk
Sérkennari í Læk

Stjórnslusvið

Forstöðumaður Gerðarsafns

Velferðarsvið

Ritari í afgreiðslu
Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störf í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar



Kópavogsbær

kopavogur.is

Pú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



STARFSFÓLK Í URRIÐAHOLTSSKÓLA Í GARÐABÆ



Urriðaholtsskóli er nýr samrekin leik- og grunnskóli í Garðabæ fyrir börn á aldrinum 1-16 ára. Á næsta skólaári verða börn á aldrinum 1-10 ára í skólanum. Auglýst er eftir áhugasömum og faglegum einstaklingum til að taka þátt í að móta og byggja upp nýtt skólasamfélag. Teymisvinna er einkennandi fyrir alla starfshætti bæði á meðal barna og starfsmanna, svo og á milli skólastiga. Samkensla er á milli árganga á öllum skólastigum og unnið með gagnreyndar kennsluáðferðir.

Í Urriðaholtsskóla er eitt skólasamfélag, fjögur skólastig og eru lykilvörður skólans **þekking, leikni og viðhorf**. Við leitum að fólki sem á auðvelt með að vinna saman í teymi og er tilbúið að mæta hverju barni þar sem það er statt.

Verkefni framundan eru spennandi, skólinn stækkar ört og því þarf öfluga liðsheild, ert þú til?

Auglýst er eftir fólki í eftirtalin störf:

- Deildarstjóra á leikskólastig
- Leikskólakennara á leikskólastig
- Leiðbeinendur með aðra háskólamenntun á leikskólastig
- Grunnskólakennara á yngsta grunnskólastig

Í Garðabæ er lögð rík áhersla á sjálfstæði skóla, fjölbreytni og valfrelsi sem felst meðal annars í því að foreldrar hafa fullt frelsi um val á skóla fyrir börn sín. Garðabær hvetur leik- og grunnskóla bæjarins til að skapa sér sérstöðu í áherslum sínum meðal annars með sterkum þróunarsjóði leik- og grunnskóla.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2019. Gert er ráð fyrir að fyrstu ráðningar taki gildi sem fyrst á leikskólastig en á grunnskólastig 1. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri Urriðaholtsskóla, s. 591 9500 / 621 9505, netfang: thorgerduranna@urridaholtsskoli.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands eða hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á vef Garðabæjar, <https://starf.gardabaer.is> og þar má finna nánari upplýsingar um störf.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABAER.IS

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Við óskum eftir innkaupafulltrúa

Við leitum að áhugasömum innkaupafulltrúa í hópinn. Um tímabundið starf er að ræða fram að hausti 2020.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vörustjórnun í AGR og Navision
- Þjónusta við birgja og Vínbúðir
- Greining og áætlanagerð

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og birgðastýringu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á innkaupa- og birgðastýringarkerfum
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum


Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar veita: Bára Rós Björnsdóttir, bara@vinbudin.is og Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuefandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningaþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnimat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaprætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta



Viðgerðarmaður á vélaverkstæði

Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum nauðsynleg.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is


VÉLFANG -VERKINTALA

Gylfahlöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is



CLAAS FENDT **Kverneland** **JCB**

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016 og 2017
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.



Skipstjóri og vélstjóri hjá Fjarðabyggðarhöfnum

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir laus til umsóknar störf skipstjóra og vélstjóra hjá Fjarðabyggðarhöfnum.

Starf skipstjóra felur í sér skipstjórn á dráttarbat Fjarðabyggðarhafna og ábyrgð á að dráttarbáturinn sé ávallt tilbúinn til notkunar þegar þörf krefur auk afleysingar í hafnsögu. Skipstjóri sinnir auk þess ýmsum störfum og verkefnum hjá framkvæmda- og þjónustumiðstöð.


Starf vélstjóra felur í sér vélstjórn dráttarbáts, auk annarra starfa á framkvæmda- og þjónustumiðstöð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launafélagar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Störfin hafa jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl nk. Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum auk sakavottorðs, fylgi umsókn.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Ásgeir Karlsson, gunnar.a.karlsson@fjardabyggd.is eða í síma 864-0227. Nánari upplýsingar um störf eru einnig á heimasíðu bæjarins: www.fjardabyggd.is/stjornsysla/vinnustadurinn/laus-storf

Sótt er um störf á ráðningarsíðu Fjarðabyggðar: <https://starf.fjardabyggd.is/storf/Default.aspx>.



Framtíðin er snjöll

– mótaðu hana með okkur

Sérfræðingur í viðhaldsstjórnun

Framtíð Veitna er snjöll og felur í sér stafræna umbyltingu og straumlínustjórnun. Við leitum að aðila sem hefur áhuga og metnað til að vera kyndilberi hugbúnaðar viðhaldsstýringar, eignamsýslu og verkbeiðna sem styður við starfsemi Veitna.

Fageftirlit

Snjöll framtíð felur m.a. í sér snjallvæðingu veitukerfa og stöðugar umbætur. Við leitum að aðila sem hefur áhuga og reynslu af verklegum framkvæmdum og gerir miklar kröfur til gæða- og öryggismála.

Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi. Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um.*

Hvers vegna Veitur?

Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Við leggjum áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annnt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram af virðingu við hvert annað og viðskiptavinum.

* Þar sem konur eru í miklum minnihluta í teyminu hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, til að sækja um.

Sjá nánar á veitur.is/framtidin. Umsóknarfrestur er til og með **2. apríl 2019**.

Í góðu sambandi við framtíðina



Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is



Deildarstjórastaða iðjubjálfunar hjá Hrafnistu

Staða deildarstjóra iðjubjálfunar hjá Hrafnistu í Reykjavík er laus til umsóknar. Deildarstjóri er leiðandi og hefur frumkvæði að þróun iðjubjálfunar innan heimilisins. Í starfinu felst m.a. skipulagning á starfi ásamt daglegum rekstri og stjórnun. Um er að ræða 100% starf.

Starfssvið

- Stjórnun og rekstur á starfsemi iðjubjálfunar
- Skipulag starfa starfsfólks í samræmi við þarfir þjónustuþega
- Umsjón með eftirliti og mat á gæðum iðjubjálfunar
- Ráðgjöf og fræðsla til heimilismanna og aðstandenda
- Teymisvinna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt starfsleyfi sem iðjubjálfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Faglegur metnaður

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á fastradningar.is. Umsjón með starfinu hefur Lind hjá FAST Ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552-1606. Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt með því að fylla út umsóknarform á fastradningar.is.

Hrafnista rekur sex öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hjá Hrafnistu starfa um tólf hundruð manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Stöðugildi eru um 650 talsins. Veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra skjólstæðinga heimilanna.



Hrafnista | Laugarás | Hraunvangur | Boðabing | Nesvellir | Hlévangur | Ísafold | Sléttuvegur



Starf laust til umsóknar Skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur

Tónlistarskóli Húsavíkur hefur verið starfræktur frá árinu 1961. Skólinn hefur aðsetur í Borgarhólsskóla og er samstarf skólanna tveggja umtalsvert. Frá árinu 1992 hefur verið í gangi samstarfsverkefni Tónlistarskólans við Borgarhólsskóla og leikskólann Grænuvelli sem hefur það að markmiði að bjóða öllum börnum á aldrinum 4-8 ára upp á markvissa tónlistarkennslu. Uppeldishlutverk Tónlistarskólans er því mikið. Stöðugildi við skólann eru 7,5 og nemendur um 230.

Starfslýsing

Fullt starf skólastjóra Tónlistarskóla Húsavíkur er laust til umsóknar. Kennsluhlutfall er samkvæmt kjarasamningi.

Leitað er að stjórnanda sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi og framsækið skólastarf í samvinnu við starfsfólk, foreldra og nemendur. Leitað er eftir stjórnanda sem hefur sterka sýn á faglega þróun innra starfs skólans. Jafnframt að styrkja stöðu skólans í nærumhverfinu með markvissu samstarfi við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í tónlistarskóla
- Forystuhæfileikar, mikil samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar
- Framhaldsmenntun (meistaránám) á sviði tónlistar, stjórnunar eða sambærilegra greina æskileg
- Kennslureynsla í tónlistarskóla

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2019.

Umsóknnum skal skila á rafrænu formi til fræðslufulltrúa Norðurþings á netfangið jon@nordurthing.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík í síma 464 6100 eða með fyrirspurnum til skrifstofustjóra Norðurþings á netfangið beggah@nordurthing.is

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

 HAGVANGUR

Markaðsstjóri óskast

Ert þú drífandi og skipulagður einstaklingur með reynslu af markaðsmálum og brennandi áhuga á hótél- og veitingarekstri?

Hótél Bifröst leitar að framsæknum og skapandi markaðsmanneskju til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi verkefni. Í starfinu felst stefnumótun, samskipti við viðskiptavini og eftirfylgni. Krafist er framúrskarandi samskiptahæfni og metnaðar í starfi.

Umsóknarfrestur til 1.4.2019

Tekið við umsóknum á alma@hotelbifrost.is

Vilt þú taka þátt í að tryggja aðgengi að húsnæði fyrir alla?



Íbúðalánasjóður leitar nú að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum í störf deildarstjóra á húsnæðisbótasviði hjá Íbúðalánasjóði á Sauðárkróki. Húsnæðisbótasvið sér um húsnæðisstuðning hins opinbera hvað varðar veitingu húsnæðisbóta og ber ábyrgð á framkvæmd og útgreiðslu þeirra. Sviðið ber einnig ábyrgð á þjónustuveri s.s. símsvörun og þjónustu við viðskiptavini og annast bakvinnslu fyrir sjóðinn.

Deildarstjóri húsnæðisbóta á Sauðárkróki

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun húsnæðisbótadeildar í samræmi við stefnu og hlutverk Íbúðalánasjóðs
- Dagleg umsjón með verkefnaáætlun deildar og árangursmælingum
- Þátttaka í þróunar-, umbóta- og átaksverkefnum húsnæðisbótasviðs
- Tryggir að verklagi og verkferlum sé fylgt í starfi deildarinnar
- Umsjón með þróun og viðhaldi verkferla, verklags og upplýsingakerfa
- Samstarf við aðrar deildir sjóðsins s.s. við vinnslu upplýsinga og skýrslugerð

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af hönnun og þróun verkferla
- Þekking og hæfni til að nýta upplýsinga- og gæðakerfi sem starfinu tengjast
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Stjórnunarhæfni, færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til samstarfs
- Nákvæmni í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar

Deildarstjóri þjónustuvers/bakvinnslu á Sauðárkróki

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun þjónustuvers og bakvinnslu í samræmi við stefnu og hlutverk Íbúðalánasjóðs
- Dagleg umsjón með verkefnaáætlun deildar og árangursmælingum
- Þátttaka í þróunar-, umbóta- og átaksverkefnum húsnæðisbótasviðs
- Tryggir að verklagi og verkferlum sé fylgt í starfi deildarinnar
- Umsjón með þróun og viðhaldi verkferla, verklags og upplýsingakerfa
- Samstarf við aðrar deildir sjóðsins s.s. við vinnslu upplýsinga og skýrslugerð

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af hönnun og þróun verkferla
- Þekking og hæfni til að nýta upplýsinga- og gæðakerfi sem starfinu tengjast
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Stjórnunarhæfni, færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til samstarfs
- Nákvæmni í vinnubrögðum, góðir skipulagshæfileikar og rík þjónustulund

Umsóknum skal skila á www.starfatorg.is og þar má einnig nálgast nánari upplýsingar um starfið.

Nánari upplýsingar veitir

Aldís Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri húsnæðisbótasviðs. Netfang: aldis@ils.is | Sími: 569 6900

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars

Þú finnur draumastarfið á Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Brekkubæjarskóli auglýsir lausa stöðu aðstoðarskólastjóra

Brekkubæjarskóli er grunnskóli með um 450 nemendur í 1.- 10. bekk. Brekkubæjarskóli er skóli sem leggur áherslu á lífsleikni og er skólastefnan Góður og fróður til grundvallar í öllu skóla-starfinu. Kennsluhættir í Brekkubæjarskóla einkennast af fjölbreytni þar sem reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Hluti af því er innleiðing á þverfaglegri teymiskennslu í öllum árgöngum.



Akraneskaupstaður

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að stjórna og leiða faglegt starf í lýðræðislegu og metnaðarfullu skólaumhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Starfsmannastjórnun og samskipti við launabókhald
- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Akraneskaupstaðar.
- Að leiða vinnu við innra mat skólans.
- Að leiða faglega forystu.
- Að bera ábyrgð á skipulagi skólastarfs, t.d. stundaskrárgerð í samstarfi við skólastjórn.
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjórn.
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

Hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg og/eða reynsla af stjórnunarstörfum á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Þekking og reynsla af fjármálum æskileg.
- Þekking, leikni og hæfni í upplýsinga- og tæknimennt.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Óbilandi trú á réttindum barna og áhugi á að starfa með þeim og foreldrum þeirra.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2019.

Umsóknum fylgi starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands (SÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sótt er um rafrænt í gegnum íbúagátt Akraneskaupstaðar og er umsóknarfrestur til og með 28. apríl 2019.

Nánari upplýsingar veitir Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri, arnbjorg.stefansdottir@brekkubaejarskoli.is, sími 4331300.



www.akranes.is

SÍÐFERÐISGÁTTIN

Eflir vellíðan á vinnustað

www.sidferdisgattin.is



SÍÐFERÐISGÁTTIN

Er ekki kominn tími til að hægja á og njóta?

Djúpavogshreppur iðar af lífi og gleði án þess að tapa sér í hraðaáráttu nútímans. Hæglætið ræður ríkjum og lögð er áhersla á lífsgæði í leik og starfi.



Fjöldi tækifæra eru á svæðinu og meðal þeirra eru eftirfarandi störf:

Djúpavogsskóli auglýsir eftir menntuðum kennurum fyrir skólaárið 2019-2020 í eftirfarandi stöðum:

- Skólastjóri grunn- og tónskóla (umsóknarfrestur framlengdur til 20. apríl)
- Umsjónarkennari 1. bekkjar
- Umsjónarkennari 2.-3. bekkjar
- Umsjónarkennari 4.-5. bekkjar
- Umsjónarkennari 6. bekkjar
- Umsjónarkennari 7.-8. bekkjar
- Dönskukennari á mið- og unglingsstigi
- Ensukennari á öllum aldursstigum
- Upplýsinga- og tæknimennt á öllum aldursstigum
- Textílmenn og heimilisfræði á öllum aldursstigum
- Íþróttir og sund á öllum aldursstigum

Auk þess vantar þroskajálfa við skólann og stuðningsfulltrúa til að vinna með fötlum nema á miðstigi.

Umsóknir sendist á skolestjóri@djuvovogur.is fyrir 1. apríl 2019

Skólastjóri, Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Leikskólinn Bjarkatún, Djúpavogi auglýsir eftir deildarstjóra inn á Krummadeild í 100% starf frá 20. ágúst 2019.

Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli þar sem eru 37 börn. Krummadeild er yngri barna deild með 1 – 2 ára gömlum börnum.

Hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Áhugasömum er bent á að skoða heimasíðu leikskólans www.bjarkatun.leikskolinn.is

Upplýsingar er hægt að nálgast hjá Guðrúnu S. Sigurðardóttur leikskólastjóra í síma 470-8720 eða í tölvupósti, bjarkatun@djuvovogur.is. Umsóknum ber að skila fyrir 1. maí 2019 í tölvupósti eða til leikskólastjóra Hammersminni 15B. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Djúpavogshreppur auglýsir eftir umsóknum í stöðu framkvæmdastjóra Ungmennafélags Neista og íþróttajálfa.

Einnig er laus til umsóknar staða forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Zion á Djúpavogi. Ekki er um full störf að ræða en ýmsir möguleikar eru í boði og starfshlutfall sveigjanlegt.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri sveitarstjóri@djuvovogur.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sálfræðingur barna	Heilsugæslan Sólvangi	Hafnarfjörður	201903/677
Sumarstörf	Landgræðslan	Landið	201903/676
Starfsm. við ræstingu, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201903/675
Starfsmaður á lager	Landspítali, eldhús	Reykjavík	201903/674
Verkefnastjóri þrýstingssáravarna	Landspítali	Reykjavík	201903/673
Verkefnastjóri byltuvarna	Landspítali	Reykjavík	201903/672
Verkstjóri	Vegagerðin	Vík	201903/671
Verkefnastjóri rannsóknna	Rannsóknamiðstöð HA	Akureyri	201903/670
Aðstoðarverslunarstjóri	ÁTVR, Vínubúðin	Höfuðborgarsv.	201903/669
Innkaupafulltrúi	ÁTVR, Vínubúðin	Reykjavík	201903/668
Lögfræðingur	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201903/667
Nýdokter í vélaverkfræði	Háskóli Íslands	Reykjavík	201903/666
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201903/665
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201903/664
Móttökuritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201903/663
Starfsm. við ræstingar, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201903/662
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/661
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/660
Hjúkrunarfræðingar	Heilsugæslan Glæsibæ	Reykjavík	201903/659
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, gígtar-/alm. lyflækningad.	Reykjavík	201903/658
Sjúkralíði	Landspítali, öldrunarlækningadeild	Reykjavík	201903/657
Sjúkralíði, næturvaktir	Landspítali, öldrunarlækningadeild	Reykjavík	201903/656
Hjúkrunarfræðingur, sumarafll.	Landspítali, Kleppur	Reykjavík	201903/655
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, vöknun	Reykjavík	201903/654



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérnám í heilsugæsluhjúkrun	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/653
Sérfr. í lyf- og meltingarlækn.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/652
Sérfræðingur í flugrekstrardeild	Samgöngustofa	Reykjavík	201903/651
Vef- og viðmótshönnuður	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201903/650
Sérfræðingur í ytra mati	Menntamálastofnun	Kópavogur	201903/649
Sumarstörf	Ríkisskattstjóri	Rvk/Akureyri	201903/648
Starfsmaður á fjárreiðusviði	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201903/647
Sérfræðingur í rekstraráhættu	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201903/646
Sérfræðingur, fjármál og rekstur	Íslenskar orkurannsóknir	Reykjavík	201903/645
Bókasafnsfræðingur	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201903/644
Kennari í tölvugreinum	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201903/643
Framhaldsskólakennarar	Borgarholtsskóli	Reykjavík	201903/642
Matreiðslumaður	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201903/641
Hjúkrunarfræðingur, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201903/640
Hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/639
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/638
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, meðferðargeðdeild	Reykjavík	201903/637
Yfirlæknir	Landspítali, inng. röntgen/æðapreg.	Reykjavík	201903/636
Deildarlæknir	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201903/635
Verkefnastjóri sérfræðis	Landspítali, rekstrarsvið	Reykjavík	201903/634
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Hugvísindasvið	Reykjavík	201903/633
Sérfræðingur í gagnasöfnun	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201903/632
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Garðabæ	Garðabær	201903/631
Lífendafræðingur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201903/630
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Reykjavík	201903/629
Starfsmaður á skrifstofu	Kvikmyndasafn Íslands	Hafnarfjörður	201903/628
Starfsmaður í skráningu o.fl.	Kvikmyndasafn Íslands	Hafnarfjörður	201903/627
Starfsmaður framkvæmdastjórnar	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201903/626
Gæðastjóri	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201903/625



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Rauðaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Rauðaborg lausa til umsóknar.

Rauðaborg er þriggja deilda leikskóli við Viðarás í Seláshverfi. Leiðarljós leikskólans eru gleði, virðing og sjálfstjórn. Leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfi Rauðaborgar og unnið er samkvæmt High Scope áætluninni. Hlutverk hinna fullorðnu er að hvetja og aðstoða börnin til að læra og þroskast í gegnum leikinn. Rauðaborg er Grænfánaskóli og er staðsettur í næsta nágrenni við fjölbreytt útvistarvæði. Leikskólinn hefur tekið gróðurlund í fóstur og börnin fara reglulega í gönguferðir og læra að njóta og fara vel með náttúruna. Gluggaveggir eru á alla vegu innanhúss og leiksvæðin dreifast um allt húsið, þannig að börn og starfsfólk hittast óháð deildum. Unnið er með jóga þar sem áhersla er lögð á gleði og vellíðan og að byggja upp styrk, auka einbeitingu og jafnvægi barnanna. Gott samstarf er við foreldra og grenndarsamfélagið.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Rauðaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutílhögum og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.

Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is



Reykjavíkurborg

Vilt þú taka þátt í að byggja upp þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra?

Framkvæmdastjóri óskast

Samstarfsnetið er ný starfseining innan velferðarsviðs Reykjavíkurborgar en hlutverk þess er að veita börnum, unglíngum og fjölskyldum þeirra framúrskarandi stuðningsþjónustu

Framkvæmdastjóra er ætlað að koma að undirbúningi breytinga og innleiðingu á nýjum vinnubrögðum þar sem þjónustan er veitt í dag af fimm þjónustumiðstöðvum víðs vegar um borgina. Framkvæmdastjóri á sæti í framkvæmdastjórn velferðarsviðs.

Nánari upplýsingar veitir Anna Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 411-1111 eða anna.gudmundsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019

Helstu verkefni

- Forysta og ábyrgð á rekstri og stjórnun samstarfsnetsins
- Byggja upp nýja vinnustaðamenningu
- Leiða fjölbreytt og ólík teymi
- Stefnumótun og umbótastarf
- Samskipti og innri og ytri upplýsingamiðlun

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- eða leiðtogamenntun á meistarastigi er kostur
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af breytingastjórnun og umbótastarfi
- Reynsla og þekking á verkefna- og straumlínustjórnun er æskileg
- Rík frumkvöðla- og nýsköpunarhugsun
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum



EMBASSY – HOUSING

The American Embassy, is seeking to lease a house in Fossvogur, Kópavogur, Garðabær or Hafnarfjörður as soon as possible.

Required size is 220 – 300 square meters, Large living room, 2 bathrooms, garage and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years. Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov **before April 10th**, with information about the house and location (photos, street and house number) and phone number of the contact person showing the property.

SENDIRÁÐ – HÚSNÆÐI

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu hús í Fossvog, Kópavogi, Garðabæ eða Hafnarfirði eins fljótt og auðið er. Æskileg stærð 220 – 300 fermetrar, stór stofa, 2 baðherbergi, bílskúr og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov **fyrir 10. apríl** með upplýsingum um eignina og staðsetningu (ljósmyndir, götuheiti og húsnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.

ÓSKAST TIL LEIGU

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir að taka á leigu um 400 m² húsnæði fyrir Vínbúð á Akranesi. Húsnæðið mun skiptast að u.þ.b. 2/3 hlutum í verslunarsvæði og 1/3 hluta í lager og starfsmannaaðstöðu.

Húsnæðið þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera á skilgreindu verslunarsvæði.
2. Liggja vel við almenningsamgöngum
3. Umferð að og frá húsnæðinu skal vera greið.
4. Húsnæðið skal vera á jarðhæð.
5. Húsnæði bjóði upp á að vöruhúð opnast beint út á bak- eða hliðarsvæði.
6. Góð aðkoma sé að húsnæðinu fyrir viðskiptavinum og næg bílastæði (a.m.k. 20 bílastæði sem eru ætluð Vínbúðinni eða sérmerkt Vínbúðinni).
7. Lögð er áhersla á gott aðgengi af bílplani fyrir hreyfihamlaða og jafnframt þurfa að vera bílastæði fyrir starfsfólk.
8. Aðkoma að húsnæðinu fyrir flutningabíla með vörur skal vera góð.
9. Verslunarrýmið sé sem næst rétthyrnt (hlutföll rýmisins nálægt 3 á móti 2) og mega súlur, veggir eða annað ekki hamla yfirsýn um verslunarhluta húsnæðisins.
10. Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opinberar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og vera samþykkt af þeim.

Leigutími húsnæðisins er 8-10 ár.

Húsnæðið skal afhenda samkvæmt samkomulagi og ræðst afhendingartími nánar af ástandi þess við afhendingu. Áhugasamir skulu senda öll gögn um það húsnæði sem þeir hyggjast bjóða í lokuðu umslagi til skrifstofu Ríkiskaupna, Borgartúni 7, 105 Reykjavík fyrir **kl. 11:00, föstudaginn 5. apríl 2019**

Merkt : 40413 - Leiga á húsnæði fyrir Vínbúð ÁTVR á Akranesi

Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:

1. Staðsetning.
2. Teikningar af húsnæði.
3. Mögulegur afhendingartími.
4. Ástand húsnæðis við afhendingu.
5. Leiguverð án vsk. og skal það innifela allan sameiginlegan kostnað.
6. Fyrirsjáanlegar breytingar sem gætu haft áhrif á kröfufliði 1- 10 að ofan á leigutímanum.
7. Kvaðir sem kunna að hafa áhrif á starfsemi Vínbúðar á svæðinu



Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 1973.

Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs á bóknamsbrautum auk þess að vera miðstöð kennslu í hótél- og matvælagreinum og starfrækja ferðamála- og leiðsögunám í kvöldskóla. Starfsmenn skólans eru að jafnaði tæplega 100 og fjöldi nemenda í dagskóla eru um 900.

Starfssvið

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Skólameistari skal hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla, leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu, hæfileiki til nýsköpunar og að stýra breytingum.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er mikilvæg.
- Þekking af fjármálum og rekstri er nauðsynleg.

Umsóknir

Umsóknir með greinargerð umsækjenda um framtíðarsýn fyrir Menntaskólann í Kópavogi út frá faglegum og rekstrarlegum áherslum í skólastarfi með upplýsingum um núverandi starfsheiti umsækjenda ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið mrn@mrn.is, fyrir dagslok þriðjudaginn 30. apríl 2019.

Við ráðningar í störf hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti er tekið mið af jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Nöfn allra umsækjenda verða birt á vef ráðuneytisins að loknum umsóknarfresti og verða umsóknir þar sem óskað er nafnleynar ekki teknar til greina. Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna María Urbancic rekstrarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins. **Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2019.**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 9. mars 2019.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningar-
málaráðuneytið

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Útboð

Rammasamningar um þjónustu verktaka 2019-2021

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í þjónustu verktaka í ýmsa verkflokka fyrir umhverfissvið Kópavogsbæjar. Verktaka er heimilt að bjóða í einn eða fleiri verkflokka eða einstaka verkþætti innan hvers verkflokks

Verkflokkar eru eftirfarandi :

- Véla- og gröfuvinna
- Akstur með jarðefni
- Vörubíll með krana
- Gangstétta- og stígagerð, jarðvinna o.fl.
- Yfirborðsfrágangur
- Garðyrkja
- Hirðing stofnanalóða
- Hljóðvarnargirðingar
- Snjómokstur

Samningstími er þrjú ár.

Útboð þetta er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Útboðsgögn verða afhent rafrænt og skulu þeir sem óska eftir útboðsgögnum fyrir verk þetta senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is frá og með mánudaginn 25. mars 2019. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðar vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Tilboð skulu hafa borist í þjónustuver Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1, 200 Kópavogur, fyrir kl. 11:00 mánudaginn 29. apríl 2019 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Færanlegar kennslustofur Útboð

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í 5 færanlegar kennslustofur uppsettar og fullbúnar til notkunar.

Í verkinu fellst að hanna og byggja fimm færanlegar kennslustofur og skila fullbúnum til notkunar fyrir 20. ágúst 2019.

Kennslustofurnar verða staðsettar á þrem skólalóðum, tvær við Kópavogsskóla, tvær við Smáraskóla og ein við Salaskóla (tengibygging).

Heildarstærð á kennslustofu skal vera 80 - 85m², með 60m² kennslurými og að auki salernis- og ræstiaðstöðu ásamt forrými. Veggir að innan skulu vera í flokki 1. og skulu útveggir vera með óbrennanlegri útveggjaskilningu.

Kennslustofurnar skulu uppfylla allar kröfur sem gerðar eru í byggingareglugerð til skólahúsnæðis.

Útboðsgögnin eru afhent rafrænt og skulu þeir, sem óska eftir útboðsgögnum fyrir verkefni þetta, senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is frá og með þriðjudeginum 26. mars 2019. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Tilboð skulu hafa borist í þjónustuver Kópavogs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 11. apríl 2019 verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta.



Kópavogsbær

kopavogur.is

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Grandaskóli endurgerð lóðar 2019 2. áfangi** – Jarðvinna, útboð nr. 14449.
- **Háteigsskóli endurgerð lóðar 2019 1. áfangi** – Jarðvinna, útboð nr. 14452.
- **Brautarholtsvegur milli Hofsgundar og Arnarholtsvegur** – Göngustígur, útboð nr. 14437.
- **Óðinsgata og Óðinstorg - Endurgerð**, útboð 14477.
- **Malbiksyfirlagnir í Reykjavík – Útboð 1, vestan Kringlumýrabrautar**, útboð 14473.
- **Malbiksyfirlagnir í Reykjavík – Útboð 2, austan Kringlumýrabrautar að Reykjanesbraut**, útboð 14474.
- **Malbiksyfirlagnir í Reykjavík – Útboð 3, austan Reykjanesbrautar**, útboð 14475.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048

Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

OFANFLÓÐAVARNIR Í NESKAUPSTAÐ

URÐARBOTNAR OG SNIÐGIL ÚTBOÐ NR. 20889

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. **Fjarðabyggðar**, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við varnargarð og 16 varnarkeilur neðan Urðarbotns og Sniðgils í Neskaupstað. Sú hlið garðsins og keilanna sem snýr móti fjalli verður byggð upp með netgrindum og styrktum jarðvegi. Jarðefni til byggingar garðsins og keilanna verða fengin innan framkvæmdasvæðisins, bæði laus jarðefni og efni úr bergskeringum. Verkaupi mun leggja til netgrindur til uppbyggingar á brattri flóðhlið garðsins og keilanna. Í verkinu felst einnig færsla á vatnslögn, mótun yfirborðs bergskeringa flóðmegin við garða, gerð vinnuvega, varanlegra slóða, gangstíga og áningarstaða, gerð drengurda, stækka umfang lækjarfarvega og rása, lagning ræsa, jöfnun yfirborðs og frágangur.

Helstu magnþölur eru:

• Flatarmál raskaðs svæðis	~60.000 m ²
• Rúmmál skeringa	~190.000 m ³
- Þar af er losun klappar	~60.000 m ³
• Rúmmál fyllinga	~145.000 m ³
- Þar af styrktarfyllingar	~65.000 m ³
• Styrkingarkerfi	~10.700 m ²
• Jöfnun og sáning	~120.000 m ²
• Færsla núverandi vatnslagna	450 m
• Tilfærsla á lækjarfarvegi, flóðvörn	400 m

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en **1. des. 2021**.

Útboðsgögn verða aðgengileg í útboðskerfi Ríkiskaupa, tendsign. is, frá og með **fimmtudeginum 28. mars**. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum **23. apríl 2019 kl. 14:00**.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.ríkiskaup.is

RÍKISKAUP



STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur

Allar auglýsingar vegna
